

FISK-Seafood ehf.
Laxabraut 5
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 20. desember 2019
UST201901-278/H.S.J.
08.12.02


Efni: Reglubundið eftirlit, 02.12. 2019, hjá FISK-Seafood Þorlákshöfn

Þann 2. desember sl. fór fram eftirlit í FISK-Seafood ehf. áður Náttúra fiskirækt ehf, Þorlákshöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu. Tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Taka á sýni á a.m.k. þriggja ára fresti. Sýna taka sem átti að fara fram á árinu 2018 fór fram 2019. **Frávikinu telst því lokið.**
2. Gr 3.4 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi skal skila fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2018 var skilað 27. maí 2019. **Frávikinu telst því lokið.**

Virðingarfyllt


Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur


Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: FISK-seafood ehf.	Dags. eftirlits: 2.12.19	Staðsetning stöðvar: Þorlákshöfn	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 3
Kennitala rekstraraðila: 461289-1269	Gildistími starfsleyfis: 31.12.2029	Kvittun afhent: Já	Gerð stöðvar: Landeldisstöð með bleikju.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			140-190 gr seiði frá Hólalaxi. Skv. grænu bókhaldi var framleiðsla 261 tonn en skv. fóðurnotkun og fóðurnýtingu var lífmassaaukning um 384 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Starfsleyfið var fært yfir á FISK seafood ehf. Viðsnúningur í rekstri. Frávikum seinustu ára lokið. Áætlað að fara í stækkun stöðvar, byrja á að bæta við 4 kórum og almennt viðhald, t.d. loftara.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar góðar, daglega skráður dauði. Mánaðlega stemmt af fyrir fjölda í keru.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Ársyfirliti var skilað 18. mars sl.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X	X		Grænt bókhald vegna ársins 2018 barst 18. mars sl. Útstreymisbókhald barst 27. maí sl. Frávikinu telst því lokið.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Áhættumat á staðnum. Rekstraraðili ætlar að uppfæra m.t.t. leiðbeininga eftirlitsaðila.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Trygging til staðar, gildandi tryggingaskírteini til áramóta.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Áætlun vegna rekstrarstöðvunar og neyðarslátrunar á staðnum. Staðfesting v. móttöku dauðfisks ef til massadauða kemur til staðar.

Umhverfi	Já / í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Til staðar almenn umhverfisstefna FISK.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Vaki, blásið skv. fódurlíkönun.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Var mælt 2019, mæling sem átti að fara fram 2018. Fosfór í frárennsli var 0,3 mg/L og köfnunarefni 0,5 mg/L Útreikningar frá fódri gefa losun 7,5 kg P/tonn, hámark leyfis er 14 kg/tonn.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?	X			Frárennsli leit að mestu vel út. Síðan seinasta eftirlit fór fram er búið er að steypa vegg til að hindra að frárennsli fari eftir tveimur leiðum frá útrás út í sjó. Klettur voru háþrýstipvegnir þar sem minni farvegurinn þornaði upp og sjást ekki ummerki um að frárennslið hafi runnið þar.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, sfun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			Ristar í færeyinga, eru teknar upp og burstaðar í fitugildruna. Frárennsli sameinast úr fitugildru og öllum kerjum og fer út í sjó.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerjum, ferskvatn, sjór).	X			Útrás í sjó er uþb 50-100 m frá kerjum. Mikil vatnsskipti og brim

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

				eru og ekki hægt að leggja lög út fyrir stórstraumsfjöruborð.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			X	
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Fiskiafurðir-Umboðssala ehf taka við slógi og dauðfiski. Geta tekið 100 tonn á sólarhring. Flokkun á almennum úrgangi, Íslenska gámafélagið tekur ásamt tilfallandi grófum úrgangi og slíku, samningur og kvittanir liggja fyrir. Olís tekur við aftur umbúðum af sápu fyrir vinnslu.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Sýni sem taka átti 2018 voru tekin í febrúar 2019.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Niðurstöðum sýna var skilað 4. mars sl. COD í frárennsli var 72 mg/L og svifagnir 25 mg/L
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Skv. vöktunaráætlun 2021 en verið er að vinna í að fá ASC vottun svo það verður mælt eitthvað oftar. Sýni ehf.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Átta frávik komu fram við eftirlit 2018 er vörðuðu frárennsli, losun næringarefna, ársskýrslu, grænt bókhald, útstreymisbókhald, áhættumat og viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, og olfugeyma. Tvær ábendingar voru gerðar.

Samantekt:

Mikill viðsnúningur hefur orðið í rekstri stöðvarinnar og búið er að loka frávikum seinustu ára.

Tvö frávik komu þó fram í eftirliti ársins, skil útstreymisbókhalds voru of sein og sýni sem taka átti 2018 voru tekin 2019. Báðum frávikunum er því lokað í skýrslunni.

Enn eru merki um eldið á klettunum undir aðalrennsli, sbr. umfjöllun eftirlitsskýrslu seinasta árs, en þar sem búið er að koma fyrir ristum í færeyingum er viðbúið að eitthvað hreinsist þar sem minna af fastefni bætir í.

Eftirlit með fiskeldisstöð**Landeldi**

	Verður sérstaklega skoðað í næsta eftirliti hvort ástæða þykir til frekari hreinsunar frárennslis eða klettanna.
Annað:	Farið var yfir breytingar á tíðni eftirlits á grundvelli áhættumats Umhverfisstofnunar í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sem og breytingar á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem snúa að því að skil græns bókhalds verða að skilum umhverfisupplýsinga.

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulha S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

FISK-Seafood ehf. (áður Náttúra) Þorlákshöfn



Dags eftirlits	2.12.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	FISK-Seafood ehf. (áður Náttúra)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Laxabraut 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	461289-1269	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Arnar Þór Ragnarsson	ÍSAT nr.	03.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlitið sem er báðum lokað.
Ein ábending er gerð varðandi hreinsun frárennslis.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun með vísan í 57. gr. reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunavarnareftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

gr. 3.3 í starfsleyfi

Taka á sýni á a.mk. þriggja ára fresti. Sýna taka sem átti að fara fram á árinu 2018 fór fram 2019. Frávikinu telst því lokið.

gr. 3.5 í starfsleyfi

Útstreymisbókhaldi skal skila fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2018 var skilað 27. maí 2019. Frávikinu telst því lokið.

ÁBENDINGAR

Sérstaklega verður skoðað í næsta eftirliti hvort ástæða þykir til að grípa til frekari hreinsunar frárennslis eða klettanna, sbr. umfjöllun í gáttlista.

ANNAÐ


Farið var yfir breytingar á tífni eftirlits á grundvelli áhættumats Umhverfisstofnunar í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sem og breytingar á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem snúa að því að skil græns bókhalds verða að skilum umhverfisupplýsinga.

Þar sem mælingar skv. gr. 3.3 í starfsleyfi eiga að fara fram á a.m.k. þriggja ára fresti og mælingar ársins 2018 fóru fram 2019 óskar eftirlitsaðili eftir því að næstu mælingar verði ekki seinna en 2021.

Reykjavík, 20.12.2019

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Hulda Soffía Jónasdóttir

bis. 4